

Reykjavík, 17. maí 2021

Velferðarnefnd Alþingis
nefundasvid@althingi.is

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 og lögum um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020 (framlenging úrræða o.fl.).

UMFÍ fagnar því að lagt sé til að framlengja greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldursins um sex mánuði. Þetta eru nauðsynlegar aðgerðir því þótt bólusetningar eru hafnar eru horfurnar enn óljósar. Brugðið getur til beggja vona í þeim efnum sem öðrum og því betra að hafa bæði belti og axlabönd til að styðja við rekstur íþróttafélaga, í það minnsta að gera allt sem mögulegt er til að forða þeim frá því að verða fyrir rekstrarlegum skakkaföllum af völdum áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Stuðningur hins opinbera við íþróttastarf hefur komið sér afar vel og hefur forystufólk hjá íþróttafélögum sem eru aðildarfélög hjá UMFÍ verið mjög jákvætt og þakklátt. Þjónusta starfsfólks Vinnuálastofnunar hefur verið til fyrirmyndar og samskipti forsvarsmanna íþróttafélaga við stofnunina verið afar góð. Því ber að hrósa sérstaklega.

Í umsögn UMFÍ við frumvarp um greiðslur til íþróttafélaga vegna kostnaðar á tímum kórónuveirufaldursins (151. löggjafarþing 2020-2021 – 362. mál) í fyrravetur var vakin athygli á því að aðildarfélög UMFÍ gætu nýtt sér úrræðið en ekki landssamtökin sem eru þó tiltekin í íþróttalögum. UMFÍ telur slíkt áfram óheppilegt en fagnar að aðildarfélög sín geti nýtt úrræðið.


Snúum bökkum saman fyrir samfélagið

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Innan UMFÍ eru rúmlega 450 félög, að mestu íþróttafélög, um allt land.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og til þess að aðstoða þingmenn á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

UMFÍ mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ